

## Ársskýrsla Drifráðs 2024

Það voru aðeins þrjár keppnir í ár, sem er lágmarksfjöldi keppna til að geta haldið Íslandsmeistaramót. Tvær keppnir hjá AÍH og ein hjá BA, allar haldnar af sama keppnisstjóra.

Aðsókn iðkenda í AÍH keppnir var sambærileg og á seinasta ári en við vonum að það verði betri aðsókn á keppnir á næsta ári.

Rosalega góð aðsókn var á drift keppni BA á bíladögum, sem var fyrsta Íslandsmeistara keppni þar síðan 2021, en undanfarin ár hafa aðeins verið drift sýningar. Flott þróun í rétta átt þar.

AÍH hélt margar æfingar og var aðsókn iðkenda þar mjög góð, oftast 10-20 bílar að keyra og hátt í 25 bílar í nokkur skipti.

Það var ein æfing á KK brautinni og ágætis mæting á hana.

Æfingarhald á BA svæði er óvitað.

Í ár voru tveir unglingar sem tóku þátt í drifti, einn sem keppti og annar sem mætti á æfingar.

Aðeins tvær konur taka þátt í drifti eins og staðan er núna, vonum og hvetjum fleiri til að mæta á næsta ári!

Það er góður fjöldi af iðkendum í drifti á Íslandi, sumir sem keppa bara, aðrir sem æfa bara og margir sem gera bæði. Þrátt fyrir stóran hóp iðkenda er mikil vöntun á auknu stjórnarstarfi til að lyfta sportinu á hærra plan. Þetta ár var aðeins einn aðili sem gerði flest allt. Drifráðið ætlar því að hvetja fleiri aðila að hjálpa til með sportið á næsta ári og hvetur fólk sem hefur áhuga á drifti að bjóða sig fram í sjálfböðavinnu til að efla sportið, hvort sem þeir eru iðkendur, aðstoðarmenn eða áhorfendur.

Einnig hvetjum við fleiri klúbba en AÍH að halda æfingar og keppnir á næstu árum.

Þökkum öllum fyrir gott ár og hlökkum til að gera sportið ennþá betra á næsta ári.

Drifráð AKÍS